

Priðjudaginn 15. desember 1981.

Nr. 17/1981. Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson, settur vararíkis-
saksóknari)

gegn

Öllu Lúthersdóttur

(Hákon Árnason hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Gísli Kjartansson, fulltrúi sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Héraðsdómi var að ósk ákærðu skotið til Hæstaréttar og einnig áfrýjað til þyngingar af hálfu ákærvalds að því er hana varðar. Meðákærði í héraði vildi una dómi, og var við það látið sitja.

Hér fyrir dómi var þess krafist af hálfu ákærvalds, að hinn áfrýjaði dómur yrði staðfestur að því leyti sem honum hefur verið áfrýjað.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal endurrit úr sakadómsbók Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og endurrit úr sakadómsbók Reykjavíkur af dómprófum, er fram fóru eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms.

Hinn 19. október 1981 komu fyrir sakadóm Reykjavíkur lögreglumennirnir Þorgrímur Guðmundsson og Jón Helgi Birkir Snorrason. Þeir handtóku ferðafélaga ákærðu og færðu þá í lögreglustöðina í Borgarnesi, en óku ákærðu að Faxaborg, svo sem rakið er í upphafi hins áfrýjaða dóms úr frumskýrslu máls þessa, er lögreglumaðurinn Þorgrímur Guðmundsson ritaði. Fyrir sakadómi báru lögreglumenn þessir, að þeir minntust ekki málsatvika, nema kvað Jón Helgi Birkir kvaðst muna, „að stúlkan virtist vera mjög drukkin og lítið geta áttað sig á staðháttum.“

Sama dag og að framan getur voru yfirheyrðir í sakadómi

Mýra- og Borgarfjarðarsýslu Þórður Sigurðsson, lögregluvarðstjóri í Borgarnesi, og Björn Þorbjörnsson, lögreglumaður þar.

Skýrir lögregluvarðstjórinn svo frá, að er hann hafi komið til vinnu sunnudagsmorguninn 17. júlí 1977, hafi þeir meðákærði í héraði, Ólafur Rúnar Björnsson, og félagi hans, Björgvin Ólafur Eypórsson, verið í fangaklefa á lögreglustöðinni. Í fyrstu hafi þeir eigi viljað segja, hver ekið hefði bifreiðinni M 859. Við yfirheyrslur síðar um daginn hafi þeir svo samhljóða skýrt frá því, að meðákærði í héraði og ákærða hefðu bæði ekið bifreiðinni. Á sama veg bar lögreglumaðurinn Björn Þorbjörnsson. Kveður hann ákærðu hafa verið sóttar að Faxaborg, þangað sem henni hafði verið ekið aðfaranótt sunnudagsins 17. júlí 1977. Þórður Sigurðsson lögregluvarðstjóri yfirheyrði hana dag þennan, og segir hann hana hafa staðfastlega neitað því að hafa ekið bifreiðinni.

Hinn 1. desember sl. kom lögreglumaðurinn Björn Þorbjörnsson enn fyrir sakadóm Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Hafði hann markað á ljósrit af korti Landmælinga ríkisins, blað nr. 36, leið þá, er bifreiðinni M 859 var ekið aðfaranótt sunnudagsins 17. júlí 1977 frá Brautartungu að vegamótum við bæinn Hest í Borgarfirði, þar sem meðákærði í héraði og félagi hans voru handteknir. Í áðurnefndri skýrslu Þorgríms Guðmundssonar lögreglumanns segir, að lögreglubifreiðin hafi verið stöðvuð við Haugavegamót í Borgarfirði, en þau eru að sögn Björns Þorbjörnssonar lögreglumanns við bæinn Hauga í Stafholtstungum, og er því um misskilning að ræða í lögregluskýrslu Þorgríms Guðmundssonar.

Svo sem í hinum áfrýjaða dómi getur, verður að telja sannað með framburðum Björgvins Eypórssonar og Ólafs Björnssonar, meðákærða í héraði, að ákærða hafi með áhrifum áfengis ekið bifreiðinni M 859, eins og henni er að sök gefið í ákæruskjali. Er brot hennar rétt heimfært til lagaákvæða þar.

Í sakadómi Vestmannaeyja 10. júlí 1980 samþykkti ákærða að greiða 225.000 króna sekt til ríkissjóðs vegna ölvunaraksturs og vera svipt ökuleyfi í eitt ár frá þeim degi að telja.

Ber því að ákvarða refsingu hennar með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hæfilega ákveðin 900.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 6 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Staðfesta ber úrlausn hins áfrýjaða dóms um ökuleyfissviptingu ákærðu að öðru leyti en því, að tilvitnun í 78. gr. almennra hegningarlaga á hér eigi við.

Þá verður ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar ákærðu staðfest.

Dæma ber ákærðu til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar, 2.000.00 krónur.

Óhæfilegur dráttur hefur orðið á rekstri máls þessa.

D ó m s o r ð :

Ákærða, Alla Lúthersdóttir, greiði 900.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 6 daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu ákærðu og greiðslu sakarkostnaðar hennar eiga að vera óröskuð.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hákonar Árnasonar hæstaréttarlögmanns, 2.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 12. september 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. ágúst sl., er með ákæruskjali, dags. 4. apríl 1978, höfðað gegn Ólafi Rúnari Björnssyni, Akrakoti, Innri-Akraneshreppi, Borgarfjarðarsýslu, og Öllu Lúthersdóttur, Geldingá í Leirár- og Melahreppi, Borgarfjarðarsýslu, fyrir að hafa til skiptis aðfaranótt sunnudagsins 17. júlí 1977 ekið bifreiðinni M 859 undir áhrifum áfengis, ákærða Alla frá Brautartungu

í Borgarfirði áleiðis til Faxaborgar, uns ákærði Ólafur Rúnar tók við stjórninni við Hesthálsvegamót og ók, þar til lögreglumenn höfðu afskipti af ákærðu í Lundarreykjadal.

Telst þetta varða við 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

Ákærði Ólafur Rúnar er fæddur á Akranesi 8. janúar 1959 og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1977 16/2 á Akranesi: Sátt, 25.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr. 25. gr., 26. gr., 37. gr. og 41. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá 16/2 1977.

Ákærða, Alla Lúthersdóttir, er fædd á Akureyri 25. apríl 1944 og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1963 30/10 á Akureyri: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1965 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga, sbr. 22. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 8. desember 1965.

1966 23/3 á Akureyri: Dómur: 1.500 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga. Svipt ökuleyfi í 4 mánuði frá dómsbirtingu.

1980 10/7 í Vestmannaeyjum: Sátt, kr. 225.000 sekt fyrir brot á 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Svipt ökuleyfi í 1 ár frá 10/7 1980.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 17. júlí 1977, um kl. 0350, voru lögreglumenn í umferðareftirliti í Lundarreykjadal. Veittu þeir athygli bifreiðinni M 859, þar sem hún stóð kyrrstæð við vegarbrún. Fyrir utan bifreiðina stóðu tveir piltar, en ung stúlka virtist sofandi í aftursæti bifreiðarinnar. Piltarnir voru báðir áberandi ölvaðir og kváðu ökumann bifreiðarinnar hafa farið með annarri bifreið að ná í bensín. Yfirlit lögreglumenn þá staðinn. Skömmu seinna, eða um kl. 0400, voru sömu lögreglumenn staðsettir við Hesthálsvegamót, Borgarfirði, og veittu áður nefndri bifreið athygli, þar sem henni var ekið að áður nefndum gatnamótum. Skyndilega var bifreiðin stöðvuð, og sáu lögreglumennirnir þá, að ökumaður hennar

færði sig í aftursæti bifreiðarinnar eða í farþegasæti hægra megin að framan. Piltarnir báru í upphafi sök hvor á annan um að hafa ekið bifreiðinni, og voru þeir fluttir á lögreglustöðina í Borgarnesi. Umrædd stúlka, sem var ákærða, Alla Lúthersdóttir, í máli þessu, virtist áberandi ölvuð, en þar sem engin vísbending kom fram um, að hún væri þátttakandi í akstri bifreiðarinnar, var henni ekið að Faxaborg og skilin þar eftir.

Annar piltanna, Björgvin Ólafur Eypórsson, var færður fyrir varðstjóra í Borgarnesi, og kvað hann þá ákærða Ólaf Rúnar hafa ekið bifreiðinni og einnig ákærðu Öllu, sem hann þá gat ekki nafngreint.

Ákærði Ólafur Rúnar kom einnig fyrir varðstjóra og kvaðst ekki hafa ekið bifreiðinni umrætt sinn og neitaði að segja, hver hefði ekið henni. Voru ákærði Ólafur Rúnar og áðurnefndur Björgvin Ólafur því næst fluttir í fangageymslu lögreglunnar í Borgarnesi.

Síðar sama dag kemur Ólafur Rúnar fyrir varðstjóra og skýrir svo frá, að ákærða, Alla Lúthersdóttir, hafi ekið bifreiðinni umrætt sinn niður að Hesthálsvegamótum og þar hafi hann sjálfur tekið við stjórn bifreiðarinnar. Kvaðst hann aðeins hafa ekið nokkrar billengdir, er lögreglan stöðvaði akstur hans.

Björgvin Ólafur kom sama dag fyrir varðstjóra og skýrði svo frá, að þeir félagar hefðu hitt ákærðu Öllu við Brautartungu og hafi þeir verið að svipast um eftir bílstjóra. Hann kvaðst hafa vikið sér að Öllu og spurt hana, hvort hún vildi aka bifreiðinni fyrir þá féлага, þrátt fyrir það að hún væri eitthvað ölvuð. Hann kvað Öllu síðan hafa ekið bifreiðinni nokkra stund, en þá hafi þau stoppað, þar sem þau hafi talið, að þau rækjust ekki á lögregluna eftir það, og þá hafi ákærði Ólafur tekið við stjórn bifreiðarinnar og hafi hann verið við stjórn hennar, er lögreglumenn komu að, en þá hafi hann fært sig í afturstætið hjá Öllu.

Ákærða, Alla Lúthersdóttir, kom fyrir varðstjóra sama dag og neitaði alfarið að hafa ekið bifreiðinni umrætt sinn. Hún hafi verið farlaus eftir umræddan dansleik og hafi fengið far með þeim félögum, Ólafi Rúnari og Björgvin Ólafi, en kvaðst ekki muna, hver ók bifreiðinni umrætt sinn.

Ákærði, Ólafur Rúnar, kom fyrir dóm 25. nóvember 1977 og viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni M 859 umrætt sinn og fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Hann kvað Öllu Lúthersdóttur hafa ekið bifreiðinni fyrst í stað og kvað hana greinilega hafa verið undir áhrifum áfengis við aksturinn.

Björgvin Ólafur Eypórsson kom fyrir dóm 31. okt. 1977 og skýrði svo frá, að ákærða Alla hefði í fyrstu ekið bifreiðinni M 859 áleiðist frá Brautartungu umrætt sinn og síðan hefði ákærði, Ólafur Rúnar, tekið við akstrinum, er hann sá, að Alla var undir áhrifum áfengis.

Ákærða, Alla Lúthersdóttir, kom fyrir dóm 23. febrúar 1978 og skýrði svo frá, að hún hefði að loknum dansleik í Brautartungu aðfaranótt sunnudagsins 17. júlí 1977 fengið far með bifreiðinni M 859 frá Brautartungu áleiðis að Faxaborg. Hún kvað ákærða, Ólaf Rúnar Björnsson, hafa ekið bifreiðinni umrætt sinn. Hún neitaði alfarið, sérstaklega aðspurð, að hafa ekið bifreiðinni.

Blóðsýni til alkóhólmælingar var tekið úr ákærða, Ólafi Rúnari, umrætt sinn, og reyndist magn alkóhóls í blóði hans vera 1.16‰. Blóðsýni var ekki tekið úr ákærðu, Öllu Lúthersdóttur.

Skipaður verjandi ákærðu Öllu, Haraldur Blöndal héraðsdómslögmaður, hefur krafist sýknu, er hann byggir á því, að ákærða hafi ætíð neitað að hafa ekið bifreiðinni umrædda nótt. Hann telur framburði Björgvins og ákærða Ólafs mjög ruglingslega og bendir á, að þeir hafi báðir nýfengið á sig dóm vegna ölvunaraksturs og hafi þeir því haft af því mikla hagsmuni að hagræða sannleikanum og varpa sök af sér á þriðja aðilja. Heldur verjandinn því fram, að ekkert sé leggjandi upp úr síðari framburðum þeirra um hlut ákærðu Öllu í máli þessu, heldur verði alfarið að styðjast við framburð hennar sjálfrar.

Með vísun til niðurstöðu blóðrannsóknar á blóði ákærða Ólafs Rúnars og framburðar hans og annarra gagna í máli þessu þykir sannað, að hann hafi gerst sekur um atferli það, er í ákæru greinir og þar þykir réttilega fært til refsíákvæða. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin kr. 160.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og sbr. 1. mgr. 24. gr. áfengis-laga ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt. Var ákærði sviptur ökuleyfi til bráðabirgða 25. nóvember 1977, og skal sviptingin gilda frá þeim degi.

Þá ber að dæma ákærða Ólaf til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Með hliðsjón af framburði tveggja vitna, þeirra Ólafs Rúnars og Björgvins Ólafs, sem hafa bæði fyrir lögreglu og dómi staðfastlega haldið því fram, að ákærða Alla hafi ekið bifreiðinni umrætt sinn undir áfengisáhrifum, þykir nægilega sannað þrátt fyrir

neitun ákærðu, að hún hafi gerst sek um atferli það, er í ákæru greinir og þar þykir rétt fært til refsíákvæða.

Við ákærðu var, á meðan á meðferð þessa máls stóð, gerð dómsátt í sakadómi Vestmannaeyja, þar sem hún var svipt ökuleyfi í 1 ár frá 10. júlí 1980 að telja, og verður því í dómi þessum með hliðsjón af framansögðu að dæma henni hegningarauka skv. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og þykir refsing hennar hæfilega ákveðin kr. 90.000 sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og með hliðsjón af 78. gr. hegningarlaga er ákærða svipt ökuréttindum í 4 mánuði frá 10. júlí 1981 að telja. Þá ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talið málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar, Haralds Blöndal héraðsdómslögmanns, kr. 75.000.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Rúnar Björnsson, greiði kr. 160.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Ákærða, Alla Lúthersdóttir, greiði kr. 90.000 í sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærða er svipt ökuleyfi í 4 mánuði frá 10. júlí 1981 að telja.

Ákærða greiði allan kostnað sakarinnar, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Haralds Blöndal héraðsdómslögmanns, kr. 75.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.